

Leikhús Nikítas gæslumanns

Leikflokkurinn Lilla Teatern frá Helsinki er nánast fastagestur á listahátíð. Í þetta sinn kemur flokkurinn með sýninguna Leikhús Nikítas gæslumanns. Þetta er margrómuð sýning sem verið hefur á verkefnaskrá leikflokksins síðan 1988. Á síðasta ári ferðaðist flokkurinn til Norðurlandanna með sýningu þessa en í vor var hún sett upp í Parma á Ítalíu.


Tveir leikendanna í sýningunni ættu að vera Íslendingum að góðu kunnir. Annar er Borgar Garðarson sem hefur leikið hjá Lilla Teatern í fjölda ára. Borgar leikur titil-

hlutverkið í sýningunni, gæslumanninn Nikíta. Hinn er Asko Sarkola, einhver kunnasti leikari á Norðurlöndum. Hann er mörgum minnisstæður eftir að hann fór með hlutverk Phileasar Fogg á listahátíð 1972 er flokkurinn sýndi Umhverfis jörðina á áttatíu dögum en hann hefur gert garðinn frægan í mörgum kvikmyndum og sjónvarpsleikritum. Hér þykir Sarkola vinna mikinn leiksigur í hlutverki Ragins læknis.

Sýningar Lilla Teatern um helgina eru í Íslensku óperunni á sunnudag og mánudag kl. 20.30.



Sýning Lilla Teatern á Nikítas gæslumanni hefur alls staðar fengið mikið lof.



Eitt verka Einars Jónssonar sem sýnt verður á Kjarvalsstöðum. DV-mynd GVA

Kjarvalsstaðir. Íslensk höggmyndalist 1900–1950

Á Kjarvalsstöðum verður opnuð 2. júní sýningin Íslensk höggmyndalist 1900–1950. Íslensk höggmyndalist á ekki langa hefð. Samt má gera því skóna að frumkvöðlar íslenskrar höggmyndalistar hafi skapað vísi að stíl sem telja má séríslenskan og er kannski sprottinn af hrikalegri náttúru landsins og úr glímunni við þann grófgerða efnivið sem íslensk náttúra býður upp á.

Sýningin er líklega kjörið tækifæri til að sannprófa kenningu þessa. Þetta er fyrsta yfirlitssýning á íslenskum höggmyndum frá þessu

tímabili.

Einar Jónsson (f. 1874) er elstur listamannanna en Sigurjón Ólafsson (f. 1908) er þeirra yngstur. Auk þeirra eru verk eftir Rikharð Jónsson, Gunnfríði Jónsdóttur, Nínu Sæmundsson, Ásmund Sveinsson, Magnús Á. Arnason, Guðmund Einarsson frá Miðdal og Marteinn Guðmundsson. Hver listamannanna á 4-5 verk á sýningunni.

Kjarvalsstaðir eru allir lagðir undir þessa viðamiklu sýningu sem stendur frá 2. júní til 8. júlí.

Listahátíð í Garðabæ

Eftir verður til listahátíðar í Garðabæ 2. og 4. júní. Haldnir verða tvennir tónleikar, hinir fyrri í Íslensku óperunni í Reykjavík á laugardag kl. 13.30 en hinir síðari verða í Kirkjuhvoli, Garðabæ, á mánudaginn kl. 13.30. Hátíðinni lýkur svo með samsæti fyrir listafólkið og venslafólk þess í Holiday Inn að kvöldi sama dags.

Á listahátíðinni kemur fram hópur hljóðfæraleikara, söngvara og ballettdansara. Eitt tónskáld er í hópnum, Hildigunnur Rúnarsdóttir. Hefur hún samið nýtt tónverk í tilefni hátíðarinnar og verður það frumflutt. Af öðrum listamönnum, sem koma fram á hátíðinni, má nefna Maríu Gísladóttur ballettdansara, Pétur Jónasson gítarleikara og Sigrúnu Eðvaldsdóttur fíðuleikara. Alls munu koma fram rúmlega tuttugu ungir listamenn, allir úr Garðabæ.

Listafólkið velur sjálft þau verk sem það flytur. Tólf listamannanna eru við nám og störf erlendis, flestir í Bandaríkjunum. Nokkrir koma gagnert til að taka þátt í hátíðinni og hverfa af landi brott að henni lokinni. Listamennirnir eru langflestir fæddir á sjöunda áratugnum og voru skólasystkini og margir þeirra bekkjarsystkini.

Listahátíðin í Garðabæ á að minna á tvennt. Í fyrsta lagi á þennan glæsilega hóp ungs fólks á framabratum sem er í stöðugri leit að hinum eina sanna tóni og í öðru lagi á listahátíðin að minna á þörfina á því að byggð verði sem fyrst menningar- og listamiðstöð í Garðabæ. Sala aðgöngumiða er hafin og fást þeir í bókabúðinni Grímu við Garðatorg í Garðabæ og er verð miðans 1000 kr. Aðgöngumiðar verða seldir við innganginn í Íslensku óperunni og í Kirkjuhvoli.



Mynd þessi er tekin á æfingu á Abraham og Ísak.

Listahátíð í Reykjavík: Abraham og Ísak

Á annan í hvítasunnu verður flutt kirkjuóperan Abraham og Ísak eftir John Speight í Háteigskirkju í Reykjavík. Texti óperunnar er tekin úr Biblíunni og einnig eru notaðir gamlir sálmar úr safni Bjarna Þorsteinssonar. Óperan tekur um það bil fjórutíu mínútur í flutningi.

Níu söngvarar og þrettán hljóðfæraleikarar taka þátt í sýningunni en hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson. Leikstjóri er Geirlaug Þorvaldsdóttir en Snorri Sveinn Friðriksson hefur hannað leikmynd og búninga. Lýsingu annast Árni

Baldvinsson.

Í hlutverki Abrahams er Viðar Gunnarsson en Ísak syngur Hrafnhildur Guðmundsdóttir. Aðrir söngvarar eru Sigríður Gröndal, Signý Sæmundsdóttir, Þorgeir Andrésson, Sigrún V. Gestsdóttir, Elísabet Waage, Sigursveinn Magnússon og Halldór Vilhelmsson.

Að sýningunni standa nokkrar söngkonur í Háteigssókn, Háteigskirkja og listahátíðarnefnd. Þetta mun vera fyrsta íslenska kirkjuóperan sem samin hefur verið og er hún framlag Háteigskirkju á listahátíð.

Nýlistarsafnið í Hallargarðinum: Fyrir ofan garð og neðan

Fyrir ofan garð er sýning sem verður opnuð í Hallargarðinum við Friðkirkjuveg á laugardaginn kl. 16.00. Þátttakendur í sýningunni eru tuttugu og sjö, frá Englandi, V-Þýskalandi, Noregi, Svíþjóð, Sviss og Íslandi, og hafa þeir unnið rýmiverk, myndbönd, skulptúra, hljóð-

verk og myndhreyfingar fyrir garða og opin svæði í Þingholtunum.

Á veggspjaldi sýningarinnar er kort af hverfinu sem auðveldar gestum að rata frá einu verki til annars. Sérstök dagskráratriði eru kynnt í auglýsingum frá framkvæmdastjórn Listahátíðar í Reykjavík.



Nokkrir listamenn, sem eiga verk á sýningunni í Hafnarborg, samankomnir í sýningarsalnum. DV-mynd GVA

Einfarar í íslenskri list

Á sýningu í Hafnarborg, sem ber yfirskriftina Einfarar í íslenskri list, eru um áttatíu verk eftir á annan tug listamanna. Innbyrðis eru þeir ólíkir í myndsköpun sinni en eiga það sameiginlegt að vera sjálfmenntaðir og hafa þróað með sér afar persónulega myndsyn óháða ríkjandi hefðum í list.

Þetta er í fyrsta sinn sem sett er

upp sýning á verkum flestra þessara listamanna. Verkin spanna rúmlega eina öld eða allt frá Sölva Helgasyni til nútímans. Yngstu þátttakendurnir eru fólk á þrítugsaldri.

Sýningin er sem fyrr segir í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, og stendur frá 2. júní til 24. júní.